FRÉTTABLAÐIÐ

171. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 6. ÁGÚST 2020

Sömdu um risaupphæð

Samningur Alvotech við Teva hleypur á hundruðum milljarða króna. Einn stærsti samningur íslensks fyrirtækis í sögunni. Líftæknilyf geta orðið ein af burðarstoðum íslensks útflutnings.

VIÐSKIPTI Alvotech og alþjóðlegi lyfjarisinn Teva Pharmaceuticals hafa gert samstarfssamning um þróun, framleiðslu og markaðssetningu fimm líftæknilyfja í Bandaríkjunum en hann tryggir íslenska fyrirtækinu tekjur upp á hundruð milljarða á næstu tíu árum.


„Við gerum ráð fyrir því að Bandaríkin skili okkur um 500 milljarða króna tekjum á næstu tíu árum. Þessi samningur er stór hluti af því," segir Róbert Wessman, stofnandi Alvotech, við Fréttablaðið. Þau lyf sem Alvotech hefur nú í þróun eru meðal annars notuð til meðferðar á sjúkdómum eins og gigt og krabbameini og eru öll í hópi söluhæstu lyfja heims í dag.

Með samkomulaginu hefur Teva tryggt sér markaðsleyfi fyrir lyf Alvotech er þau koma á markað á næstu árum. Lyfin verða framleidd í hátæknisetri fyrirtækisins á Íslandi.

Alvotech stefnir að frekari vexti hér á landi og býst við að ráða allt að 70 vísindamenn og sérfræðinga til viðbótar við þá 480 sem starfa nú þegar hjá fyrirtækinu.

Aðspurður segir Róbert að samningurinn við Teva sé sá stærsti sem Alvotech hefur gert til þessa, hann sé líklega sá stærsti sem hafi verið gerður í þeim geira sem fyrirtækið starfar. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er umræddur viðskiptasamningur á meðal þeirra stærstu ef ekki sá stærsti sem íslenskt fyrirtæki hefur gert.

> **Við gerum ráð fyrir því að Bandaríkin skili okkur um 500 milljarða króna tekjum á næstu 10 árum. Þessi samningur er stór hluti af því.**
>
> Róbert Wessman, stofnandi Alvotech



Þróun og framleiðsla líftæknilyfja gæti orðið ein af burðarstoðum íslensks útflutnings að sögn Róberts.

„Við sjáum fyrir okkur að bæði Alvotech og Ísland geti verið í leiðandi hlutverki á sviði líftækni á heimsvísu og samhliða því verði til ný atvinnugrein hér á landi. Það eru ekki mörg fyrirtæki í heiminum eins og Alvotech vegna þess að þekkingin, sem lyfjaþróun af þessu tagi krefst og við erum að byggja upp hér á landi, er vandfundin," segir Róbert. **– þfh / sjá síðu 10**

Þrjú hundruð þúsund án heimilis eftir sprengingar

LÍBANON Að minnsta kosti 135 létu lífið er hrikalegar sprengingar urðu við höfnina í Beirút, höfuðborg Líbanon, á þriðjudaginn.

Yfir fimm þúsund manns eru slasaðir og að auki er hundraða enn saknað. Gríðarlegur skortur er á sjúkragögnum og laskað heilbrigðiskerfi ræður illa við fjölda slasaðra. Eyðileggingin í borginni er gífurleg og um þrjú hundruð þúsund manns eru talin hafa misst heimili sín.

Evrópusambandið og fjölmörg lönd, þar á meðal Bretland, Tyrkland og Rússland, brugðust hratt við og sendu mannskap og hjálpargögn til landsins.



Maður í húsarústum. MYND/GETTY


Íslensk stjórnvöld hafa heitið aðstoð og Rauði krossinn hérlendis efnir til neyðarsöfnunar fyrir hrjáða íbúa Beirút. **– bþ / sjá síðu 8**



Krakkar úr Hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 og Tjarnarinnar tóku upp söngatriði í Gamla bíói í gær. Það verður meðal atriða í sérstökum skemmtiþætti RÚV á laugardagskvöld. Tuttugu ár eru nú frá því að Gleðigangan var gengin fyrst. Eins og kunnugt er var hin formlega ganga slegin af þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Veður



Sunnan 8-13 m/s en heldur hægari á austanverðu landinu. Víða skúrir og hiti 8 til 13 stig, en bjart með köflum norðaustan til og hiti að 18 stigum á þeim slóðum.
SJÁ SÍÐU 18



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samfélagið sé sem eðlilegast

COVID-19 Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir framtíðarfyrirkomulag vegna viðbragða stjórnvalda við kórónaveirunni í undirbúningi.

„Þar munu sitja ólíkir aðilar til að tryggja sem best samhæfingu innan og utan stjórnkerfisins. Þá eru haldnir samráðsfundir ólíkra aðila vegna faraldursins daglega í stjórnkerfinu um þessar mundir, rétt eins og á vormánuðum," útskýrir Katrín.

„Eins og áður hefur komið fram er heilbrigði almennings forgangsmál stjórnvalda en hér eftir sem hingað til þarf að taka tillit til efnahagslegra og samfélagslegra áhrifa og tryggja að samfélagið geti gengið sem eðlilegast fyrir sig þrátt fyrir heimsfaraldur," heldur ráðherrann áfram. „Til að ná þeim markmiðum þarf einmitt að tryggja samhæfinguna sem ég nefndi hér áðan."

Karl Gústaf Kristinsson, yfirlæknir á sýkla- og veirufræðideild Landspítalans, sagði við frettabladid.is í gær að deildin væri við þolmörk.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, útilokaði ekki að fyrirtækið kæmi aftur að skimun við landamærin. Spurning sé hvort skynsamlegt sé að láta fólk streyma inn í landið í stríðum straumum.

„Við erum að takast á við faraldur sem er að vega að lífsháttum okkar í þessu samfélagi sem við erum hluti af og auðvitað erum við opin fyrir þeim möguleika að leggja okkar af mörkum til að takast á við það." **– bdj, eþá**

Hversdagslíf á Hverfisgötu



Með hjálp tækninnar styttu þessir menn sér stundir á Hverfisgötunni í gær. Ólíkt höfðust þeir þó að. Annar var í símanum og hinn að hlusta. Annar sat og beið eftir strætó en hinn gekk sinn veg. Veggurinn fagurblái skýlir fyrirhuguðu byggingarsvæði að baki Stjórnarráðinu. Myndskreytingar prýða vegginn og þar eru einnig gluggar sem hægt er að skyggnast inn um og fylgjast með hvernig verkinu miðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í haldi áfram að öðru óbreyttu

LÖGREGLUMÁL Ólíklegt er að rannsókn verði lokið að fullu á brunanum á Bræðraborgarstíg þegar gæsluvarðhald yfir hinum grunaða rennur út 11. ágúst. Að óbreyttu verður gæsluvarðhaldið framlengt, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Eftir handtökuna var hinn grunaði vistaður á geðdeild í þrjár vikur.

Eftir að hafa verið handtekinn var hinn grunaði vistaður á geðdeild í ríflega þrjár vikur. Þegar gæsluvarðhaldið var fyrst framlengt þann 15. júlí hafði ekki verið hægt að ræða við hinn grunaða „sökum andlegs ástands", eins og það var orðað í úrskurðinum.

Beðið er niðurstaðna úr tæknirannsóknum á vettvangi brunans. Fram hefur komið að bruninn er rannsakaður sem manndráp. **– thg**



Féll úr hreiðrinu en er nú orðin að stórstirni

Jóhann Helgi Hlöðversson bjargaði hrafninum Dimmu eftir að hún féll úr hreiðri sínu. Hann segir hana einstaklega ljúfa og fljótari að læra en hundur. Hún kemur til með að leika í alþjóðlegri sjónvarpsauglýsingu í næstu viku.

SAMFÉLAG Ferðamálafrömuðurinn Jóhann Helgi Hlöðversson og hrafninn Dimma hafa að undanförnu slegið í gegn á samfélagsmiðlum. Óhætt er að fullyrða að Jóhann sé sannkallaður hrafnahvíslari, enda er Dimma ekki fyrsti hrafninn í hans eigu. Þegar Dimma fannst köld og hrakin sem ungi á Selfossi í júní var leitað til Jóhanns.

„Dýralæknar Suðurlands höfðu samband eftir að hún fannst á íþróttasvæðinu á Selfossi og spurðu hvort ég væri ekki til í að taka hana að mér," segir Jóhann. Hann birtir reglulega myndbönd á Facebook af Dimmu sem vekja mikla athygli, þar sem meðal annars má sjá hana að leik með hundi Jóhanns.

Jóhann er þúsundþjalasmiður og segir að hrafnadýrkunin sé tilkomin eftir að það kreppti að í efnahag fjölskyldunnar árið 2008. Hann stofnaði gistiheimili að Vatnsholti í Flóa ásamt eiginkonu sinni, Margréti Ormsdóttur, en Eyjafjallajökull setti strik í reikninginn.

„Við opnuðum 2010 og svo fór að gjósa um leið og við opnuðum og þá komu engir gestir inn. Þá varð maður að gjöra svo vel að hafa allar klær úti og finna sér einhverja vinnu," segir Jóhann. „Eitt af því var að dunda sér í þessu og ég hef fengið töluvert af verkefnum í kvikmyndum og auglýsingum og ýmsu. Ég hef til dæmis unnið fyrir Dalai Lama, Annie Leibowitz, í Vikingsþáttunum og í íslenskum sjónvarpsauglýsingum og fyrir fleiri aðila."

Hann segir hrafna með gáfuðustu dýrum í heimi og segir þá veita einstakan félagsskap. Dimma er eini hrafn Jóhanns nú og í miklu uppáhaldi. Hún mun koma til með að leika í sjónvarpsauglýsingu í næstu viku, sem leynd hvílir yfir.



Dimma er í uppáhaldi hjá Jóhanni og er hún einstaklega ljúf. MYND/AÐSEND

Ég held hún haldi að hún sé hundur og hundar eru ekkert mikið að fljúga.

„Hún er alveg einstaklega ljúf. Þeir eru yfirleitt mjög ljúfir fyrsta árið og svo verða þeir svolítið sjálfstæðari og uppivöðslusamari og erfiðara að eiga við þá. En hún er ekki alveg orðin fleyg hjá mér. Ég held hún haldi að hún sé hundur og hundar eru ekkert mikið að fljúga. Hún samt flögrar aðeins og ef ég set hana á grein og henni fer að leiðast þá flýgur hún yfir á næstu."

Ótrúleg myndbönd af Jóhanni og Dimmu má sjá á vefnum frettabladid.is. **odduraevar@frettabladid.is**

Skoðaðu 50 blaðsíðna
Tilboðsblað
á **husa.is**



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

HÚSASMIÐJU DAGAR

Hefjast í dag!

Parket -25% • **Sláttuvélar -30%** • **LADY málning -20%** • **Háþrýstidælur** (Nilfisk) **-20%**
Slönguhjól (Claber) **-20%** • **Viðarvörn** (Jotun) **-20%** • **Pallaolía -20%** • **Pallahreinsir -20%**
Útimálning -20% • **Allt í berjatínsluna -20%** • **Vegg & loftamálning** (Jotun) **-25%** • **Flísar -25%**
Handlaugar (Laufen) **-20%** • **Bað- og eldhúsplötur** (Berry Alloc) **-20%** • **Hillurekkar** (Avasvo) **-20%**
Rafmagnshlaupahjól -20% • **Blöndunartæki** (Grohe) **-20%** • **Salerni** (Laufen) **-20%**
Vinyl parket -25% • **Ryksugur** (Nilfisk) **-20%** • **LADY lakk -20%** • **Reiðhjól -25%**
Garðhúsgögn -30% • **Ferðavörur -30%** • **Sumarleikföng -30%**

....skoðaðu enn fleiri tilboð í vefblaði á husa.is!

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Bandaríkjamenn ögra Kínverjum með heimsókn til Taívan

BANDARÍKIN Yfirvöld í Washington tilkynntu í gær að heilbrigðisráðherrann, Alex Azar, muni heimsækja Taívan á næstu dögum.

Dylst engum að þetta er gert til þess að ögra Kínverjum í stigmagnandi deilum ríkjanna tveggja, meðal annars í Suður-Kínahafi.

Þetta er veigamesta heimsókn bandarísks fulltrúa til eyjarinnar síðan 1979, þegar Jimmy Carter forseti undirritaði yfirlýsingu um að opinberum samskiptum ríkjanna tveggja væri slitið og að Bandaríkin litu svo á að alþýðulýðveldið væri hið eina sanna Kína. Síðan þá hafa öll samskipti Bandaríkjanna við Taívan verið undir öðrum formerkjum en sem samskipti við sjálfstæð ríki. Til að mynda er sendiráð sem ber heitið Ameríska stofnunin í Taívan.

> **Taívanar hafa farið fram með miklu gegnsæi og stuðlað að samvinnu í heilbrigðismálum á heimsvísu á tímum COVID-19, og löngu fyrir þann tíma**
>
> Alex Azar heilbrigðisráðherra

Ástæða heimsóknarinnar er sögð vera að styrkja samskipti Bandaríkjanna og Taívan og einnig til að takast á við COVID-19. „Taívanar hafa farið fram með miklu gegnsæi og stuðlað að samvinnu í heilbrigðismálum á heimsvísu á tímum COVID-19, og löngu fyrir þann tíma," sagði Azar í yfirlýsingu sem birt var á vef stofnunarinnar.

Dagsetning heimsóknarinnar hefur ekki verið ákveðin en Azar mun funda með ráðherrum, faraldssérfræðingum og fleiri aðilum.

Talið er að stjórnvöld í Peking bregðist nær örugglega við heimsókninni á einhvern hátt. **– khg**



Donald Trump og Azar. MYND/GETTY



Verð á þorskkvóta hefur hækkað skarpt frá miðjum júlí. MYND/GVA

Hækkun verðs á þorskkvóta

SJÁVARÚTVEGUR Verð á aflaheimildum á þorski hefur hækkað um 37 prósent frá miðju sumri, að því er kemur fram í tölum Fiskistofu. Heildaraflamark þorsks lækkar um 6 prósent frá fyrra ári samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsráðherra, sem fór eftir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar við ákvörðun aflamarks. Aflamark næsta árs er því tæplega 257 þúsund tonn.

Meðalverð í viðskiptum með aflaheimildir fyrstu tvær vikur júlímánaðar var rétt tæplega 195 krónur á kílóið. Síðari hluta mánaðar var meðalverðið komið upp undir 231 krónu fyrir kílóið og fyrstu fimm daga ágústmánaðar stendur meðalverð viðskipta með aflaheimildir fyrir þorsk í 268 krónum á kíló. **– thg**

COVID-19 sækir fram á Spáni

COVID-19 Í gær höfðu á undangengnum sólarhring greinst 1.772 ný COVID-19 tilfelli á Spáni sem er það mesta á einum degi síðan í júní.

Í frétt í The Guardian í gær sagði að dauðsföll á Spáni vegna COVID-19 væru 28.499. Fjölgunin valdi því að farþega sem ferðast frá Spáni bíði nú víða að fara í sóttkví. Síðast greindu yfirvöld í Sviss frá því að farþegar frá Spáni þyrftu að fara í tíu daga sóttkví við komu, nema þeir komi frá Kanaríeyjum eða Mallorca. Bretland, Írland og Noregur höfðu fyrr tilkynnt að farþegar frá Spáni þyrftu að fara í sóttkví. **– eþá**

Útgjöld Íslands til menningar þriðju hæstu í Evrópulöndum

Útgjöld hins opinbera til menningarmála námu 2,5 prósentum af heildarútgjöldum árið 2018. Einungis tvö önnur lönd í Evrópu vörðu stærri hlut til menningar. Lilja Alfreðsdóttir segir þetta endurspegla þá áherslu sem lögð er á menningu hér, en að mikilvægt sé að menningarstarfsemi hefjist sem fyrst að nýju.

MENNING Útgjöld hins opinbera til menningarmála námu tveimur og hálfu prósenti af heildarútgjöldum árið 2018 og var hlutur Íslands til málaflokksins sá þriðji hæsti í Evrópu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Einungis Ungverjaland og Lettland vörðu stærri hlut til menningar sama ár, Ungverjar 2,7 prósentum og Lettar 2,8 prósentum.

Ef litið er til síðustu tíu ára má sjá að hlutdeild til menningar hefur verið svipuð á Íslandi síðasta áratuginn en hæst var hún árið 2013, eða 2,6 prósent og lægst árið á undan, 2,2 prósent. Á verðlagi ársins 2018 voru útgjöld til menningarmála rúmir 29 milljarðar, en lægst fór upphæðin niður í rúma 25 milljarða árið 2013.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir tölurnar endurspegla þá miklu áherslu sem lögð sé á menningu á Íslandi. „Við leggjum mikla áherslu á menningu hér á landi og munum halda áfram á þeirri leið, vegna þess að menningin skiptir Íslendinga miklu máli. Það sjáum við meðal annars í aðsókn að menningarviðburðum."


Þá segir hún tölurnar og stöðu Íslands miðað við önnur lönd sýna mikilvægi menningar á Íslandi. Sé litið til hinna Norðurlandanna megi sjá að hluti opinberra útgjalda til menningar sé undir meðallagi í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi. Hlutur til menningar í Finnlandi er lægstur á Norðurlöndum, einungis tæpt eitt prósent.

Kórónaveirufaraldurinn hefur haft mikil áhrif á bæði menningu og listir hér á landi og í skýrslu um áhrif COVID-19 á íslenskan tónlistariðnað, sem unnin var af Félagi íslenskra hljómlistarmanna, Félagi hljómplötuframleiðenda, Samtökum flytjenda og hljómplötuframleiðenda, STEF, Tónlistarborginni Reykjavík og Útflutningsstofu íslenskrar tónlistar, kemur fram að áhrifin hafi verið mest fyrir það tónlistarfólk sem reiði sig alfarið á tónlistina sem fyrirvinnu.



Ekki hefur farið mikið fyrir stórum tónleikum í ár, líkt og á Menningarnótt, vegna COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við erum í samstarfi við lykilaðila í tónlistargeiranum að skoða sérstakar aðgerðir varðandi tónlistarfólk.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra



Áhrifin sjáist til að mynda í óafturkræfum kostnaði fyrir tónlistarfólk, offramboði og mikilli samkeppni, af bókunum og lægri launum. Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 var gert ráð fyrir 750 milljónum króna til að bregðast við þeim áhrifum sem faraldurinn hefur á listir, menningu, íþróttir og æskulýðsmál. Og segir Lilja að einnig sé uppi umræða um sérstakar aðgerðir varðandi tónlistarfólk.

„Við erum í samstarfi við lykilaðila í tónlistargeiranum að skoða sérstakar aðgerðir varðandi tónlistarfólk," segir Lilja og bætir við að miklu máli skipti að menningartengd starfsemi geti hafist sem fyrst að nýju.

„Það sást til að mynda um verslunarmannahelgina að þetta er mikil skellur fyrir stóran hóp fólks sem vinnur að tónlist," segir hún.

Þá segir Lilja að mikilvægast sé þó að ná stjórn á veirunni.

„Það er númer eitt, tvö og þrjú, því að við vitum að þetta er ekki eins og venjuleg inflúensa. Fólk veikist mismikið og við höfum ekki séð slíkan faraldur í áratugi. Til þess að samfélagið okkar blómstri þurfum við að ná stjórn á honum."

birnadrofn@frettabladid.is



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÚTSALA
20-70%
AFSLÁTTUR
MÖGNUÐ TILBOÐ

VERÐDÆMI



GRACE 160 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

72.220

VERÐ ÁÐUR 106.340

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐDÆMI



AVIANA 160X200CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

127.168

VERÐ ÁÐUR 187.780

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐDÆMI



ALPINE PILLOWTOP 183X213 CM RÚM

ÚTSÖLUVERÐ

222.166

VERÐ ÁÐUR 375.572

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

20-70% AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Hljóðritasjóður

Umsóknarfrestur til **15. september**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð.

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla hljóðritun á íslenskri tónlist. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist og þannig er stutt við nýsköpun hennar.

Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum en mega einnig vera samstarfsverkefni við erlenda aðila. Athugið að ekki eru veittir framhaldsstyrkir til verkefna sem áður hafa hlotið styrk. Útgáfa verkefnis má ekki hafa átt sér stað áður en umsókn um styrk berst Hljóðritasjóði.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári í mars og september.

Næsti umsóknarfrestur er 15. september 2020 kl. 16:00

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is
Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Stjórn Hljóðritasjóðs
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Netfang: hljodritasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is





Freya-túrbínan sem smíðuð var á Íslandi var til sýnis í Corpus Christi í Texas fyrir skemmstu. MYND/AÐSEND

Vindmyllufyrirtæki á bandarískan markað

Sprotafyrirtækið IceWind söðlar nú um og hyggst hefja sölu á vindtúrbínum í Bandaríkjunum. Helmingur starfsmanna fyrirtækisins er nú í Texas-fylki. Stjórnarformaðurinn segir túrbínurnar prófaðar í illviðrum hér á Íslandi.

ORKUMÁL Íslenska sprotafyrirtækið IceWind söðlar um og opnar brátt starfsemi í Texas-fylki í Bandaríkjunum. Fyrirtækið framleiðir og selur litlar vindtúrbínur fyrir einkaaðila og stofnanir.

Þróunin hófst árið 2014 og starfsmenn fyrirtækisins eru nú tíu, fimm á Íslandi og fimm í Bandaríkjunum, þaðan sem fjárfestirinn Daryl Losaw kemur. Sæþór Ásgeirsson stjórnarformaður segir að nú sé verið að undirbúa að koma bandarísku starfseminni af stað og eigi fyrstu viðskiptin að fara fram á næstu sex mánuðum.

Um er að ræða tvær tegundir af túrbínum sem hafa fengið heitin Freya og Njord fyrir Bandaríkjamarkað. Freya fyrir sumarhús og kerfi þar sem útlit skiptir máli, til dæmis strætisvagnaskýli. En Njord er hönnuð fyrir möstur, svo sem fyrir fjarskipta- eða eftirlitskerfi.

„Við erum að einblína á þá turna sem eru keyrðir á dísilolíu, sem eru óheyrilega margir, eða 18 prósent af fjarskiptakerfinu í heiminum," segir Sæþór. En með vindtúrbínum yrðu þessir turnar sjálfbærir með orku.

> **Við erum ekki að keppa við ódýrari túrbínur sem eru smíðaðar í Asíu, það er ekki hægt.**



Sæþór Ásgeirsson, stjórnarformaður IceWind

Sæþór segir að þróunin hafi verið unnin hér á Íslandi og túrbínurnar prófaðar í verstu veðrum. „Markmiðið fyrir turnatúrbínurnar var að þær þoli allt sem getur gerst hér, 70 til 80 metra á sekúndu á hálendinu og aðeins lægra á láglendi," segir hann. „Við höfum verið að setja upp túrbínur fyrir Landsvirkjun þar sem þeir eru að keyra eftirlitskerfi fyrir uppistöðulónin."

Landsvirkjun hefur sett sér það markmið að verða kolefnislaus fyrir árið 2030 og er nú að skipta út þeim kerfum sem keyra á jarðefnaeldsneyti. Sæþór segir að samtal sé einnig hafið við Veðurstofuna sem einnig reki ýmiss konar kerfi um allt land. Aðrar stofnanir sem keyri lítil kerfi í óbyggðum séu til dæmis Neyðarlínan og Vegagerðin.

Samkvæmt Sæþóri kostar Freya-túrbínan frá 3.200 dollurum, eða 430 þúsund krónum. „Við erum ekki að keppa við ódýrari túrbínur sem eru smíðaðar í Asíu, það er ekki hægt. Þetta er smíðað úr koltrefjum, ryðfríu stáli og áli sem hentar fyrir flugvélar. Þetta eru græjur sem eiga að endast endalaust," segir hann. Þá segir hann að útlitið skipti einnig miklu máli.

Aðstæður geta verið mismunandi á hverjum stað og Sæþór segir það þjóna litlum tilgangi að setja svona túrbínur upp til dæmis á svæðum í Arizona þar sem hreyfir ekki vind en sólin skín skært. Þá séu sólarsellur hentugri. Annað gildi um vindasöm svæði þar sem sólarljósið er minna. En víða séu aðstæður þannig að sniðugt geti verið að hafa bæði sólarsellu og vindtúrbínu og kerfin tengd saman.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Kennt á staðnum en ekki í fjarkennslu

MENNTUN Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að stefnt sé að því að kennsla á framhaldsskólastigi verði með hefðbundnum hætti í haust. Það er, að kennt verði á staðnum en ekki í fjarkennslu eins og þegar faraldurinn blossaði upp síðasta vor.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru skólastjórnendur framhaldsskóla óvissir um hvernig kennslunni verði háttað þegar starfsemi hefst í lok ágúst og búast allt eins við því að þurfa að grípa til fjarkennslu, að minnsta kosti að hluta.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Samkvæmt Lilju verður samráðsfundur með lykilaðilum í menntakerfinu á föstudag til að meta stöðuna og skipuleggja starfið út frá tilmælum sóttvarnalæknis, það er að 100 manns megi vera saman í hverju rými.

„Ég legg höfuðáherslu á að skólarnir geti hafist í haust. Á fundinum munum við ræða leiðir til þess að það geti gerst," segir Lilja. En Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur ekki sagt að loka þurfi skólunum, heldur halda sig innan reglnanna.

„Í síðustu viku byrjuðum við að ræða við okkar fólk, í menntakerfinu og hvað varðar menningarmálin, til þess að undirbúa veturinn og hvaða aðgerðir farið verður í til að styðja við menntakerfið og menninguna," segir hún. **– khg**



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM cacharel
ILMUM DAGANA 6. - 12. ÁGÚST
Flott taska fylgir öllum keyptum Cacharel ilmum

HAGKAUP
Snyrtivara

Máttu ekki við þessum hörmungum

Hundruð manna létust í sprengingunni í Beirút á þriðjudaginn. Yfir fimm þúsund eru slasaðir og skortur er á sjúkragögnum. Mikill órói hefur verið í landinu undanfarið ár vegna bágborins efnahags sem hefur versnað enn frekar vegna kórónaveirufaraldursins.

BEIRÚT Að minnsta kosti 135 einstaklingar létu lífið þegar gríðarleg sprenging varð við hafnarsvæði Beirút, höfuðborgar Líbanons, á þriðjudaginn. Yfir fimm þúsund eru slösuð og að auki er hundraða enn saknað sem er vísbending um að tala látinna hækki enn frekar þegar frá líður.

Gríðarlegur skortur er á sjúkragögnum auk þess sem laskað heilbrigðiskerfi landsins ræður illa við þann fjölda sem þarf aðhlynningu þegar í stað. Evrópusambandið og fjölmörg lönd, þar á meðal Bretland, Tyrkland og Rússland, brugðust hratt við og sendu mannskap og hjálpargögn til landsins.

Enn er á huldu hvað olli sprengingunni í vörugeymslunni en í gær var greint frá því að þar hefðu um 2.750 tonn af ammoníumnítrati verið geymd undanfarin sex ár. Hefur sú staðreynd valdið mikilli reiði meðal almennings í Líbanon.

Forseti Líbanons, Michel Aoun, hefur heitið því að einhverjir verði dregnir til ábyrgðar fyrir meðferðina á hinu stórhættulega efni og muni hinir sömu þurfa að þola þyngstu mögulegu refsingu. Þá hefur yfirmaður tollamála í Líbanon, Badri Daher, greint frá því að hann hafi sent sex minnisblöð til stjórnvalda um hættuna sem gæti skapast af geymslu efnisins á þessum stað án þess að gripið hafi verið til aðgerða.



Eyðileggingin í Beirút er nær alger og ljóst að hreinsunar- og uppbyggingarstarf mun taka langan tíma. MYND/ EPA



Hassan Diab

» Efnahagsástandið í Líbanon hefur verið afar bágborið undanfarin misseri og landið í raun rambað á barmi fjárhagslegs hengiflugs.

Hringurinn utan um hina meintu sökudólga þrengist því hratt en greint hefur verið frá því að nokkrir stjórnendur hafnarinnar í Beirút sæti nú stofufangelsi á meðan málið verður rannsakað.

Ljóst er að sprengingin hrikalega í Beirút er afar þungt högg fyrir þjóð sem mátti ekki við miklum áföllum í viðbót. Efnahagsástandið í Líbanon hefur verið afar bágborið undanfarin misseri og landið í raun rambað á barmi fjárhagslegs hengiflugs.

Aðeins er tæpt ár síðan þáverandi forsætisráðherra Líbanons, Saad Hariri, sagði af sér embætti eftir mótmælaöldu í landinu. Litlu mátti muna að styrjaldarástand brytist út því að lögregla og her voru sökuð um að hafa beitt óhóflegu valdi til þess að kveða niður hörðustu mótmælin.

Í tvo mánuði var ekki starfhæf ríkisstjórn í landinu en þá var Hassan Diab skipaður forsætisráðherra nýrrar stjórnar. Diab var háskólakennari sem einnig hafði gegnt embætti menntamálaráðherra en til þess að lægja öldurnar í landinu var ríkisstjórn hans skipuð sérfræðingum sem stjórnmálaflokkar höfðu lagt blessun sína yfir.

Það dugði þó ekki til þess að lægja öldurnar meðal almennings því mótmæli hafa verið tíð það sem af er ári. Eins og heimsbyggðin öll hefur Líbanon átt fullt í fangi með að glíma við kórónaveirufaraldurinn.

Alls hafa 65 dauðsföll verið skráð í landinu en áhrif faraldursins eru ekki síst efnahagsleg, enda treystir Líbanon mjög á ferðaþjónustu.

bjornth@frettabladid.is

Bakstursofnarnir hjá Smith & Norland eru sannkallaðir sigurvegarar.

Hin virtu norrænu neytendasamtök **Kuluttaja** (finnsk), **Råd & Rön** (sænsk) og **Tænk** (dönsk) hafa gert úttektir á bakstursofnum frá ýmsum framleiðendum. **Siemens** ofnarnir komu best út og fengu toppeinkunn fyrir almenn gæði sín. Bravó!

Af því tilefni bjóðum við nokkra framúrskarandi ofna á tilboðsverði.



SIEMENS

Baksturofn

HB 578ABS0S, iQ500

A Orkuflokkur

Orkuflokkur A. Brennslusjálfhreinsun. Átta ofnaðgerðir.

Tilboðsverð:

129.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



SIEMENS

Baksturofn

HR 675GBS1S, iQ700

A+ Orkuflokkur

Orkuflokkur A+. Með gufu. Brennslusjálfhreinsun. 13 ofnaðgerðir.

Tilboðsverð:

189.900 kr.

Fullt verð: 249.900 kr.



SIEMENS

Baksturofn

HB 672GBS1S, iQ700

A+ Orkuflokkur

Orkuflokkur A+. Brennslusjálfhreinsun. Átta ofnaðgerðir.

Tilboðsverð:

149.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Gildir til og með 31. ágúst eða á meðan birgðir endast.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ALLAR SKÓLATÖSKUR

25% AFSLÁTTUR



TILBOÐSVERÐ: 7.499.-
Verð áður: 9.999.-



TILBOÐSVERÐ: 9.749.-
Verð áður: 12.999.-



TILBOÐSVERÐ: 10.499.-
Verð áður: 13.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 9.749.-
Verð áður:12.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 10.499.-
Verð áður: 13.999.-



TILBOÐSVERÐ: 6.749.-
Verð áður: 8.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 17.249.-
Verð áður: 22.999.-



TILBOÐSVERÐ: 9.749.-
Verð áður: 12.999.-

ÖLL PENNAVESKI

25% AFSLÁTTUR



Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 10. ágúst eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Sömdu við Teva um hundruð milljarða

Alvotech hefur skrifað undir risasamning við Teva Pharmaceuticals. Umfangið hleypur á hundruðum milljarða króna. Stofnandi Alvotech segir líftæknilyf geta orðið eina af burðarstoðum íslensks útflutnings. Ráða tugi sérfræðinga vegna aukinna umsvifa.



Samningurinn við Teva er einn af mörgum samstarfssamningum sem lyfjafyrirtækið Alvotech hefur gert undanfarin misseri.

Alvotech og alþjóðlegi lyfjarisinn Teva Pharmaceuticals hafa gert samstarfssamning um þróun, framleiðslu og markaðssetningu fimm líftæknilyfja í Bandaríkjunum. Samningurinn tryggir Alvotech tekjur upp á hundruð milljarða króna á næstu árum, að sögn Róberts Wessman, stofnanda fyrirtækisins, sem segir útlit fyrir að Alvotech ráði til sín 70 vísindamenn og sérfræðinga til viðbótar við þá 480 sem nú starfa hjá Alvotech. Þróun og framleiðsla líftæknilyfja geti orðið ein af burðarstoðum íslensks útflutnings.

„Við gerum ráð fyrir því að Bandaríkin skili okkur um 500 milljarða króna tekjum á næstu 10 árum. Þessi samningur er stór hluti af því," segir Róbert í samtali við Fréttablaðið.

Með samkomulaginu hefur Teva tryggt sér markaðsleyfi fyrir lyf Alvotech þegar þau koma á markað á næstu árum og þau verða öll framleidd í hátæknisetri fyrirtækisins á Íslandi. Þau lyf sem Alvotech hefur í þróun eru meðal annars notuð til meðferðar á sjúkdómum eins og gigt og krabbameini og eru öll í hópi söluhæstu lyfja heims í dag.

„Við erum þakklát fyrir það traust sem Teva sýnir okkur með svo stórum samstarfssamningi en þessi mikilvægi áfangi styður enn frekar við áframhaldandi vöxt og þróun fyrirtækisins. Undir samninginn falla fimm líftæknilyf, af þeim átta sem nú eru í þróun," segir Róbert.

Aðspurður segir Róbert að samningurinn við Teva sé sá stærsti sem Alvotech hefur gert til þessa, hann sé líklega sá stærsti sem hafi verið gerður í þeim geira sem fyrirtækið starfar í. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er umræddur viðskiptasamningur á meðal þeirra stærstu ef ekki sá stærsti sem íslenskt fyrirtæki hefur gert.

Samningurinn við Teva er einn af mörgum samstarfssamningum sem Alvotech hefur gert undanfarin misseri og má þar nefna samstarf við Stada fyrir Evrópumarkaði, Jamp í Kanada og Fuji Pharma í Japan. Þá hefur fyrirtækið hafið byggingu á nýrri lyfjaverksmiðju í Kína sem mun þjónusta þann markað á næstu árum.

Líftæknilyf, sem eru á meðal mest seldu lyfja heims, eru skilgreind þannig að þau eru lyf sem eru framleidd með hjálp lífvera. Þau eru flóknari í þróun og framleiðslu en hefðbundin lyf og kosta því umtalsvert meira. Á næstu árum renna mörg einkaleyfi líftæknilyfja út, sem skapar tækifæri fyrir fyrirtæki á borð við Alvotech til að setja sambærileg lyf á markað á sama tíma og heilbrigðisyfirvöld geta lækkað lyfjakostnað sinn umtalsvert og aukið aðgengi sjúklinga að nýjum lyfjum.

Alvotech tilkynnti nýlega um góðan framgang á klínískum rannsóknum á sínu fyrsta lyfi. Um er að ræða líftæknihliðstæðu lyfsins Humira, sem er í dag söluhæsta lyf heims og selst fyrir um 20 milljarða Bandaríkjadala á ári. Stefnt er að því að markaðssetja lyfið á heimsvísu á árinu 2023 og síðar, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er lyfið hluti af samstarfssamningi Alvotech.

Samningurinn felur í sér veglega upphafsgreiðslu og áfangagreiðslur til Alvotech, auk þess sem fyrirtækin skipta með sér ágóða vegna sölu lyfsins í Bandaríkjunum.

Frá stofnun Alvotech nemur heildarfjárfesting fyrirtækisins í uppbyggingu og þróunarstarfi í fjórum löndum um einum milljarði Bandaríkjadala, eða um 136 milljörðum króna. Þar af nema framlög hluthafa fyrirtækisins um 700 milljónum Bandaríkjadala eða um 95 milljörðum króna.

Meðal eigenda Alvotech eru tveir af stærstu fjárfestingarsjóðum heims, CVC Capital Partners og Temasek, í gegnum eignarhlut Alvogen í fyrirtækinu, auk japanska lyfjafyrirtækisins Fuji Pharma og eins stærsta fjárfestingarsjóðs Miðausturlanda, Yas Holding. Stærsti einstaki hluthafi Alvotech, Aztiq Pharma, er fjárfestingarsjóður undir forystu Róberts.

> **Við sjáum fyrir okkur að bæði Alvotech og Ísland geti verið í leiðandi hlutverki á sviði líftækni á heimsvísu.**
>
> Róbert Wessman, stofnandi Alvotech



Ráða til sín tugi sérfræðinga

Samningurinn við Teva hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi Alvotech á Íslandi en framleiðsla og útflutningur lyfjanna verður frá Íslandi. Auk þess stefnir fyrirtækið að frekari vexti hér á landi. Í dag starfa um 480 vísindamenn og sérfræðingar hjá Alvotech og gæti þeim fjölgað um 70 ef áætlanir fyrirtækisins ganga eftir. Þróun og framleiðsla líftæknilyfja gæti orðið ein af burðarstoðum íslensks útflutnings, að sögn Róberts.

„Við sjáum fyrir okkur að bæði Alvotech og Ísland geti verið í leiðandi hlutverki á sviði líftækni á heimsvísu og samhliða því verði til ný atvinnugrein hér á landi. Það eru ekki mörg fyrirtæki í heiminum eins og Alvotech vegna þess að þekkingin, sem lyfjaþróun af þessu tagi krefst og við erum að byggja upp hér á landi, er vandfundin," segir Róbert og nefnir sem dæmi að hjá Alvotech starfi vísindamenn og sérfræðingar frá 45 löndum. Starfsemi fyrirtækisins í dag er auk Íslands, í Þýskalandi, Sviss og í Bandaríkjunum.

„Ég vona að fjárfestar, og aðrir sem hafa metnað fyrir lyfjaþróun og auknu aðgengi sjúklinga að líftæknilyfjum, sjái tækifæri í því að fylgja í fótspor okkar og annarra þegar fram í sækir," bætir hann við. Hins vegar gekk erfiðlega að finna fjármagn hér á landi þegar fyrirtækinu var komið á fót árið 2012.

„Ef ég á að vera hreinskilinn gekk erfiðlega að fjármagna uppbyggingu fyrirtækisins til að byrja með. Hagkerfið var enn að jafna sig og fjármálamarkaðurinn var í ákveðnum dvala. Við höfðum úr fleiri staðsetningum að velja og vorum komin langt með að fjárfesta á Möltu, sem hefur skapað lyfjaiðnaðinum hagstætt umhverfi. En þetta hafðist allt að lokum og það fer vel um okkur innan Vísindagarða Háskóla Íslands," segir Róbert.

thorsteinn@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri SAF kveðst ánægður með skýringar Borgunar

Ekki er um skilmálabreytingu að ræða, líkt og ranglega hefur komið fram, heldur er um að ræða aðgerð sem er heimil í gildandi skilmálum og snýr að því að lágmarka áhættu, segir í tölvupósti kreditkortafyrirtækisins Borgunar vegna frétta af svokallaðri veltutryggingu sem fyrirtækið boðar frá 1. október.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í fyrradag hyggst Borgun halda 10 prósentum af kortafærslum sem tryggingu í sex mánuði. Borgun segir nú að póstur um þetta hafi aðeins verið sendur á um 3 prósent viðskiptavina fyrirtækisins og eigi eingöngu við um þá.

„Allt eru þetta aðilar sem eru í þeirri stöðu að selja mestmegnis þjónustu áður en hún er veitt. Ekki er um skilmálabreytingu að ræða, líkt og ranglega hefur komið fram, heldur er um að ræða aðgerð sem er heimil í gildandi skilmálum og snýr að því að lágmarka áhættu," segir Borgun.

Þá kveðst Borgun ekki hafa hert skilmála umfram keppinautana, nema síður sé. „Fyrir tilstilli sérstakra aðgerða, sem Borgun greip til, hefur ferðaþjónustan notið meira en 90 daga vaxtalausrar fjármögnunar á skuldbindingum sínum gagnvart ferðamönnum sem keypt hafa ferðir, gistingu og afþreyingu fram í tímann. Þá skal skýrt tekið fram að hjá Borgun verður engum greiðslum haldið eftir vegna vöru eða þjónustu sem þegar hefur verið veitt. Þetta á við um alla viðskiptavini Borgunar, í ferðaþjónustu sem og í öðrum greinum.

> **Þarna hefur fyrst og fremst verið um að ræða orðalag í tilkynningu sem var misvísandi eða ekki nægilega skýrt.**
>
> Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir innihald fyrrnefnds bréfs Borgunar í samræmi við samtöl sem hann hafi átt í gær við fulltrúa fyrirtækisins. „Það er ánægjulegt að sjá þessa skýringu. Þarna hefur fyrst og fremst verið um að ræða orðalag í tilkynningu sem var misvísandi eða ekki nægilega skýrt," segir hann. „Mér sýnist þeir sammála einmitt varðandi þann punkt sem við höfum sérstaklega bent á; að ekki sé haldið eftir greiðslum vegna þjónustu sem þegar hefur verið veitt." **– gar**



Lambatindur er með fallegri tindum landsins, enda píramídalaga. Í forgrunni sjást Seljadalur og Þverdalur en í baksýn Húnaflói. MYNDIR/TG

Fjallalamb á Ströndum

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Á Ströndum er aragrúi spennandi fjallstinda sem margir bera óvenjuleg nöfn eins og Glyssa, Örkin, Burstafjall og Pottfjall. Nafngiftin á hæsta fjalli Stranda, Lambatindur (854 m), er ekki jafn frumleg og varla lýsandi fyrir tind sem helst minnir á risapíramída, sérstaklega séður frá Gjögri og Veiðileysufirði. Það er aðeins suðausturhliðin sem ekki er snarbrött og gengur frá henni hryggur sem hægt er að þræða upp á tindinn. Síðasti hluti göngunnar er töluvert klöngur og Lambatindur því alls ekkert lamb að leika sér við. Vant göngufólk ætti þó að ráða við þessa dagslöngu göngu og á sumrin þarf ekki jöklabúnað. Lagt er til atlögu úr Veiðileysufirði en þangað er 65 kílómetra keyrsla frá Hólmavík. Bílum er lagt austan megin Seljaár og síðan gengið með fram ánni suður Seljadal. Í Seljá eru fallegir fossar sem gaman er að skoða, en innar tekur grjót við af gróðri. Er þá sveigt til austurs inn svokallaðan Þverdal fyrir suðurhlíðar Lambatinds. Í botni hans eru stöllóttar brekkur sem leiða upp á fjallið Skræling og er gengið af honum eftir áðurnefndum hrygg, upp á Lambatind. Oft eru skaflar efst sem auðvelda gönguna en annars er undirlagið bæði stórgrýtt og laust í sér.

Af tindinum sést ofan í nálæga jökulskorna dali, en einnig sést vel í Reykjafjarðarkamb vestur af Gjögri, Drangajökul og jafnvel Hornbjarg. Í austur blasa síðan Kaldbakshorn og Húnaflói við. Þarna hefði sennilega verið stúkusæti yfir Flóabardaga sem háður var 25. júní árið 1244. Þar börðust Sturlungurinn Þórður kakali Sighvatsson með vestfirskan liðsafnað og sex hundruð Ásbirningar, undir stjórn Kolbeins unga Arnórssonar, sem var þrefalt fjölmennari her en Þórðar. Þrátt fyrir liðsmuninn tókst Þórði kakala að verjast ofureflinu framan af, en valdi síðan að flýja á land á Ströndum. Tókst Kolbeini unga ekki að ná í skottið á Þórði en fór í staðinn ránshendi um Strandir. Kolbeinn lést ári síðar og stuttu síðar náði Þórður kakali fram hefndum og sigraði Ásbirninga í einum mannskæðasta bardaga Íslandssögunnar, á Dalsáreyrum í Skagafirði. Að lokinni upprifjun á Flóabardaga er haldið niður sömu leið, en í Norðurfirði bíður heit Krossneslaug í flæðarmálinu.



Fókus á hjarta landsins



Af Lambatindi er gríðarlegt útsýni en víða blasa snarbrattir klettaveggir við.



Lambatindur séður úr Seljadal en í Seljá er fjöldi fallegra fossa.

FRÉTTABLAÐIÐ SKOÐUN

Höft og ótti



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ríkisstjórn og sóttvarnayfirvöld hljóta að gera sér grein fyrir því að harðar aðgerðir vegna kórónafaraldursins leiða til gjaldþrota og atvinnuleysis og skapa auk þess kvíða og ala á ótta hjá einstaklingum. Aðgerðirnar eru einnig til þess fallnar að skerða mannréttindi fólks. Vegna alls þessa mega aðgerðir ekki vera harðari en nauðsyn ber til. Þær þarf líka að rökstyðja vel hverju sinni, eins og sjálfsagt er að gera þegar verið er að hefta frelsi fólks.

Fólk er ekkert sérstaklega að velta fyrir sér mannréttindum sínum á kórónatímum. Hlýðum Víði var slagorð sem hljómaði ágætlega svona í byrjun kórónafaraldurs, en blind hlýðni er samt ekki af hinu góða. Þegar þrengt er að mannréttindum fólks, undir þeim formerkjum að það sé því sjálfu fyrir bestu, þá þurfa einstaklingar einmitt að halda vöku sinni. Blessunarlega virðist Víðir Reynisson sjálfur gera sér grein fyrir þessu og af málflutningi hans hefur mátt ráða að hann telji að ýmis höft sem hafi verið sett á eigi alls ekki að festast hér í sessi. Það er sannarlega ekki sjálfgefið að maður í hans stöðu tali þannig. Fyrir það skal honum þakkað. Of fáir tala á sama hátt.

Á dögunum mælti hin ætíð óhrædda Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gegn hertum aðgerðum til að hefta kórónaveiruna. Um leið skapaðist gósentíð hjá æstum netverjum, því nú gafst sannarlega tilefni til að fara hamförum, hneykslast og bölsótast. Þannig líður netsóðunum nefnilega langbest. Formælingum rigndi yfir Sigríði og henni var vitanlega ráðlagt að drepa sig.

Sigríður sagði hluti sem skipta miklu máli og mikilvægt er að hafa í heiðri á tímum eins og þessum. Flokkssystir hennar, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, hefur talað á líkum nótum. Vonandi halda þær áfram að standa vaktina og vara við því að höft fari að teljast sjálfsögð. Aðrir stjórnmálamenn virðast ekki hafa sérlega mikinn áhuga á þessum sjónarmiðum, sem eru samt svo mikilvæg. Af einhverjum ástæðum á þetta sérstaklega við um stjórnmálamenn á vinstri vængnum.

Í pistli sínum varaði Sigríður sömuleiðis við hræðsluáróðri. Jafnvel harðhausar sem taka kórónafaraldrinum af mikilli ró og eru einbeittir í því að láta hann ekki trufla líf sitt, vita af einstaklingum sem þjást af kvíða og ótta og eru sumir nánast óstarfhæfir vegna þessa. Sóttvarnayfirvöld og ríkisstjórn hljóta einnig að vita af þessum hópi. Það skiptir verulegu máli hvernig hlutir eru sagðir. Vitanlega eiga yfirvöld að vera raunsæ, en verða um leið að gefa fólki von – enda ætti það ekki að vera sérlega erfitt.


Enn skal vikið að Víði Reynissyni yfirlögregluþjóni sem í nýlegu viðtali á Bylgjunni sagði pistil Sigríðar Á. Andersen vera áhugaverðan. Hann sagði hjálplegt þegar bent væri á hluti á málefnalegan hátt og bætti við að hættulegt væri ef allir væru sammála þeim sem eru í krísustjórnun, eins og hann er.

Svo sannarlega gæti þjóðin verið óheppnari með yfirlögregluþjón.

> Sigríður sagði hluti sem skipta miklu máli og mikilvægt er að hafa í heiðri á tímum eins og þessum.



Halldór



Frá degi til dags

Rendurnar

Guðmundur Franklín er slyngur að láta eins og það sé endalaus eftirspurn eftir honum. Nú síðast í gær á Facebook þegar hann hélt því fram að símtölin streymdu til sín og áhuginn væri slíkur á pólitískri þátttöku hans að færri kæmust að en vildu. Að nýfenginni reynslu er líklegt að fyrrverandi forsetaframbjóðandi ofmeti samt lengd biðraðarinnar. „Menn breyta ekkert röndunum á sér," sagði hann. Þetta hefur líklega verið áður en Guðmundi barst til eyrna að Jón Arnór Stefánsson körfuboltamaður fór í gær úr sinni röndóttu KR-treyju og smeygði sér í fagurrauða Valstreyjuna.

Heitt og kalt

Sagðar voru fréttir af því í vikunni að nýliðinn júlímánuður hefði verið með þeim kaldari á öldinni hérlendis. Meðalhitinn í borginni slefaði næstum í 11 gráður en var nærri 13,5 í fyrra. Þetta kom ofan í áralanga umræðu um hamfarahlýnun, bráðnun jökla og hækkun yfirborðs sjávar hennar vegna. Það getur stundum verið erfitt að skilja móður jörð, en er til of mikils mælst að hún ákveði hvort hún er að hlýna eða kólna? Það er dálítlum vandkvæðum bundið að velja sér baráttumál í loftslagsmálum í þessum hringlanda.

Dýrt að spara



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Nú þegar verslunarmannahelgin er að baki og fólk snýr aftur til vinnu eftir sumarleyfi verður manni hugsað til þeirra þúsunda Íslendinga sem hafa misst eða eru að missa vinnuna. Á meðan síðasta efnahagskreppa kom við fjárhag flestra Íslendinga, þó með ólíkum hætti væri, bitnar núverandi kreppa mjög misilla á fólki, þó allir verði vissulega fyrir óþægindum vegna sóttvarna. Sumir finna varla fyrir efnahagslegum áhrifum á meðan tugþúsundir Íslendinga verða fyrir miklu tekjutapi vegna atvinnumissis. Ég hef áhyggjur af því fólki.

Við þurfum að leita allra leiða til að örva atvinnulífið á nýjan leik og draga úr þeim félagslega vanda sem hlýst af tekjumissi vegna atvinnuleysis, veikinda eða annars konar röskunar vegna heimsfaraldursins. Það þarf að hindra með öllum ráðum að ójöfnuður aukist í þessu ástandi og í kjölfar þess. Þess vegna þarf að vernda velferðarkerfið, helsta öryggisnetið okkar, þegar áfall ríður yfir. Heilbrigðiskerfið, sem hefur verið undir sérstöku álagi, verður að fá nægt rekstrarfjármagn til að tryggja áfram fyrirtaks þjónustu við almenning.

En með Sjálfstæðisflokkinn við stjórnvölinn er hætta á að vandinn magnist. Formaður Sjálfstæðisflokksins talar um í fjölmiðlum að „ekki sé svigrúm fyrir nýjum rekstrarútgjöldum", varaformaður Sjálfstæðisflokksins gerði hagræðingu að umtalsefni á síðasta Eldhúsdegi og sagði okkur „einfaldlega ekki hafa efni á því að reka stóru kerfin okkar með óbreyttum hætti". Allt orðrétt upp úr uppskriftabók hægri manna. Og varaformaður fjárlaganefndar, sem einnig er þingmaður Sjálfstæðisflokksins, bætti svo við fyrir stuttu að ólíklegt væri að Landspítalinn fengi meira fé og talaði um „tækifæri til hagræðingar".

Við þekkjum allt of vel að niðurskurðarhnífurinn er nærtækasta verkfæri hægri manna í efnahagsþrengingum. En það getur orðið okkur dýrt að spara okkur út úr þessari kreppu. Við þurfum að beita ríkissjóði og vinna okkur gegnum hana á lengri tíma; fjárfesta í heilbrigði, félagslegu öryggi og afbragðs menntun, tryggja aukinn jöfnuð og búa allri þjóðinni tækifæri til velsældar og hamingju til lengri tíma.

> En það getur orðið okkur dýrt að spara okkur út úr þessari kreppu.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir RITSTJÓRI: Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI



Möguleg millileið



Þorsteinn Pálsson

Höft á sparnað launafólks í lífeyrissjóðum endurspegla vel veikleika krónunnar. Ísland er eina landið, sem þurft hefur að grípa til gjaldeyrishafta vegna efnahagsáhrifa kórónuveirunnar.

Ranglæti er jafnan fylgifiskur hafta. En þetta er í fyrsta sinn, sem ranglætið er einvörðungu látið bitna á launafólki.

Saga krónunnar byrjaði í alþjóðlegu myntsamstarfi. Í gegnum tíðina hafa stjórnvöld svo leitast við að tengja hana við aðra gjaldmiðla eða taka þátt í fjölþjóðlegu myntsamstarfi. Nýju höftin eru áminning um þennan óleysta vanda.

Ranglæti er jafnan fylgifiskur hafta. En þetta er í fyrsta sinn, sem ranglætið er einvörðungu látið bitna á launafólki.

Norræna myntsambandið

Nú er því stundum haldið fram að sjálfstæð mynt sé nauðsynlegur hluti fullveldis. Fyrir öld litu menn aftur á móti svo á að stöðug mynt væri mikilvægari fyrir efnahagslegt sjálfstæði landsins en sjálfstæð mynt.

Sú hugsun var svo almenn að aðild að Norræna myntsambandinu var skrifuð inn í sjálf fullveldislögin.

Árið 1955 stóð Samband íslenskra samvinnufélaga fyrir ráðstefnu í Háskóla Íslands. Þangað var stefnt helstu hagfræðingum Norðurlanda til þess að ræða mögulega endurreisn Norræna myntsambandsins.

Bretton Woods, ECU og Evra

Viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks undir forystu Ólafs Thors, Bjarna Benediktssonar og Jóhanns Hafstein virkjaði aðild Íslands að Bretton Woods gjaldmiðlasamstarfinu frá 1944. Það fól í sér skuldbindingar til að fylgja fjölþjóðlegum reglum á sviði ríkisfjármála og peningamála.

Haustið 1991 samþykkti ríkisstjórn sömu flokka undir forystu Davíðs Oddssonar, að Ísland skyldi innan tveggja ára tengjast evrópsku mynteiningunni ECU, sem var undanfari evrunnar.

Í tilefni þessarar ákvörðunar um evrópsku mynteininguna sagði Jóhannes Nordal Seðlabankastjóri: „Fastgengisstefna í einu eða öðru formi er eini grundvöllur stöðugleika í efnahagsmálum, sem raunhæft er að nota.“

Ríkisstjórn VG og Samfylkingar undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur samþykkti sumarið 2012 samningsmarkmið í peningamálum vegna viðræðna við Evrópusambandið. Þar er því lýst yfir að Ísland stefni að upptöku evru svo fljótt sem aðstæður leyfa.

Afstaða flokka á þessari öld

Á þessari öld hefur Samfylkingin einarðlega fylgt línu gamla Alþýðuflokksins um aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru. Framsóknarflokkurinn undir forystu Halldórs Ásgrímssonar gerði aðild að Evrópusambandinu og upptöku evru einnig að stefnuskrármáli.

Á allra síðustu árum hefur Viðreisn tekið forystu á miðjunni um aukið Evrópusamstarf og upptöku evru.

Sjálfstæðisflokkurinn var einnig opinn fyrir gjaldmiðilsumræðunni, eins og fram kom í ályktun landsfundar 2015 þar sem sagði: „Kanna skal til þrautar upptöku myntar, sem gjaldgeng er í alþjóðaviðskiptum í stað íslensku krónunnar.“

VG hefur ekki ályktað um gjaldmiðilsbreytingu á landsfundum, en samþykkti án fyrirvara í ríkisstjórn yfirlýsingu Íslands um upptöku evru.

Lausn Björns Bjarnasonar

Af þessari sögu má ráða að á öllum tímum hefur verið víðtækur skilningur á mikilvægi fjölþjóðlegs myntsamstarfs.

Á þessari öld hefur evran verið raunhæfasti kosturinn í þeim efnum.

Ísland hefur í meira en aldarfjórðung verið aðili að efnahagslegum og pólitískum kjarna Evrópusambandsins. Eigi að síður vefst fyrir mörgum að stíga lokaskrefið til fullrar aðildar, þó að það sé í raun minna en það fyrra.

Sumarið 2008 setti Björn Bjarnason þáverandi dómsmálaráðherra fram lögfræðilega ígrundaða hugmynd um að Ísland gæti sótt um aðild að evrópska myntsambandinu á grundvelli aðildar að innri markaði Evrópusambandsins en án fullrar aðildar.

Hugmyndinni um þessa millileið var þá ýtt út af borðinu, jafnt af fylgjendum sem andstæðingum fullrar aðildar.

Ástæða til að ræða hugmyndina

Vitað er að embættismenn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hafa ekki verið áhugasamir um slíka lausn. En dýpið hefur aldrei verið lóðað í pólitískum viðræðum.

Nú þegar höftin hafa verið endurvakin með skaðvænlegri langtímaáhrifum en áður er ærin ástæða til að ræða þessa hugmynd í fullri alvöru.

Á næstu árum stendur Ísland andspænis mestu áskorunum í efnahagsmálum í áratugi. Við þær aðstæður „getur íslenska krónan í höftum ekki verið framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar“, eins og segir í aðeins fimm ára gamalli ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins.

Auglýsing um skráningu og próf til viðurkenningar **bókara**

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2020 sem hér segir:

- **Prófhluti I:** Reikningshald og upplýsingatækni mánudaginn 12. október 2020 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. október 2020.
- **Prófhluti II**: Skattskil mánudaginn 16. nóvember 2020 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 5. nóvember 2020.
- **Prófhluti III:** Raunhæft verkefni laugardaginn 12. desember 2020 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 18. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. desember 2020.

Skráningu í öll próf fer fram samtímis (allir prófhlutar) og lýkur þann 9. september 2020. Skiptir ekki máli hvort próftaki ætlar að taka eitt próf eða öll. Ekki er hægt að skrá sig í próf eftir að skráningarfresti lýkur. Próftakar bera sjálfir ábyrgð á því að skrá sig í próf.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 649/2019 um próf til viðurkenningar bókara og til prófefnislýsingar prófnefndar viðurkenndra bókara. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstökum prófum. Prófnefnd mun útvega próftökum leyfileg hjálpargögn í einstökum prófum. Prófefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar viðurkenndra bókara á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins: https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/bokhald/vidurkenndir-bokarar/

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Lágmarkseinkunn til að standast einstaka prófhluta er 5,0. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,00 í vegna meðaleinkunn (lokaeinkunn) úr öllum prófhlutum.

Prófgjald fyrir hvert próf er kr. 37.500. Eigi er skylt að standa fyrir prófi nema a.m.k. 30 þátttakendur hafi skráð sig í próf. Ef prófgjald er ekki greitt á eindaga þá fellur niður prófgjaldsréttur.

Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr. 145/1994 um að próftaki sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir próftakar skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins www.anr.is eða á heimasíðu framkvæmdaraðila prófanna www.promennt.is

Reykjavík, 24. júní 2020
Prófnefnd viðurkenndra bókara

Stjórnarráð Íslands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Hvalreki fyrir Val og körfuboltann

Jón Arnór Stefánsson, einn besti körfuboltamaður Íslands, samdi við Valsmenn í gær. Hann segir að skrokkurinn sé í góðu lagi og hann útiloki það sem annað fólk segi um félagaskiptin. Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari Vals, fagnar komu hans á Hlíðarenda.

KÖRFUBOLTI „Þetta eru ekki aðeins frábær tíðindi fyrir Val heldur einnig íslenskan körfubolta að fá að njóta Jóns í eitt ár hið minnsta í viðbót," sagði Svali Björgvinsson, formaður körfuboltadeildar Vals, um leið og hann handsalaði samning við Jón Arnór Stefánsson.

Jón þarf vart að kynna. Hann er einn besti körfuboltamaður sem Ísland hefur alið og var valinn íþróttamaður ársins árið 2014. Hann hefur orðið Íslandsmeistari fimm sinnum og einu sinni bikarmeistari með KR. Á löngum atvinnumannsferli vann hann Evrópudeildina með rússneska liðinu Dynamo St. Pétursborg og á Ítalíu vann hann bikarmeistaratitil með Napoli. Samkvæmt vefsíðu KKÍ spilaði hann 459 leiki í atvinnumennsku og skoraði 7,2 stig að meðaltali í leik.

„Þegar svona ákvörðun er tekin þá kvíðir maður svolítið fyrir aðeins áður, en þegar hún hefur verið tekin þá er þetta eins og þetta á að vera," segir Jón Arnór. Ákvörðunin að taka slaginn með Val fæddist í sumar þegar Jón og einn af bestu vinum hans, Pavel Ermolinskij, tóku nokkrar æfingar í sumar. Í ræðu Svala sagði að þá hefðu menn farið að ræða saman og athugað áhugann.



Jón Arnór kominn í rauðan Valsbúning. Hér ásamt guttanum sínum Guðmundi Nóel sem mætti í Dallas-treyju merktri Luca Doncic. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hefur saknað bæði Finns og Pavels og finnur þá í Val

„Ég tók mér góða pásu eftir tímabilið og fór svo aðeins að skjóta með Pavel. Þá fann ég að mig langaði að spila. Ég spurði sjálfan mig hvort ég væri tilbúinn að stoppa og þetta kæmi aldrei aftur. Ég var ekki tilbúinn til þess," segir Jón. Hann segir að skrokkurinn sé enn í góðu standi og hann geti varla beðið eftir að byrja að æfa á nýjum stað en Jón hefur verið alla sína tíð í KR.

„Það erfiðasta við þessa ákvörðun var að ímynda sér hvað fólk myndi segja. Um leið og ég náði að losna við þá hugsun, að ég væri að gera þetta fyrir sjálfan mig og væri ekki að gera það sem fólk ætlast til af mér, þá var ég sáttur. Ég er ekkert hræddur við umræðuna. Ég ætla að njóta þess að spila og fá nýja áskorun.

Ég er að fara að spila fyrir Finn sem ég hef saknað mikið og við höfum unnið saman með landsliðinu og KR. Ég elska líka að spila með Pavel. Þetta er ekkert galin ákvörðun þegar hún er skoðuð.

Það eru kynslóðaskipti í KR og það er að þróast í rétta átt. Ég sá ekki sjálfan mig í þeirri mynd núna. Ég er búinn vera lengi og gera allt sem mig langaði að gera og vinna allt. Elska allt fólkið en það var bara kominn tími á eitthvað nýtt."

Jón Arnór Stefánsson

Meistaraflokksferill

2000–2002	KR
2002–2003	TBB Trier
2004–2005	Dynamo St. Petersburg
2005–2006	Carpisa Napoli
2006–2007	Pamesa Valencia
2007–2008	Lottomatica Roma
2008–2009	KR
2009	Benetton Treviso
2009–2011	CB Granada
2011–2014	CAI Zaragoza
2014–2015	Unicaja
2015–2016	Valencia
2016–2020	KR
2020–	Valur

Landsliðsferill

2000–	Ísland

Verðum með gott lið

Hann segir að kappið megi ekki bera fegurðina ofurliði nú þegar hann er kominn í Val frá KR sem er auðvitað stórveldi í körfuboltanum eftir titlana undanfarin ár. „Mig langar að vera upptekinn af því að spila en ekki endilega að vinna. Ég hef alveg brennt mig á því og prjónað yfir mig í því. Það er auðvelt að gera það.

Ég er að koma í nýtt umhverfi, Valur er ekki með 12 manna landsliðshóp og við verðum bara að tala hreina íslensku hvað það varðar. Við setjum okkur markmið hægt og rólega. Við verðum með gott lið og munum keppa við hin liðin og frábæran mann í brúnni.

> **Það erfiðasta við þessa ákvörðun var að ímynda sér hvað fólk myndi segja. Um leið og ég náði að losna við þá hugsun, að ég væri að gera þetta fyrir sjálfan mig og væri ekki að gera það sem fólk ætlast til af mér, þá var ég sáttur.**
>
> Jón Arnór Stefánsson

Það á eftir að finna nokkur púsl en það er of snemmt að setja okkur markmið. Það er ekki í umræðunni núna."

Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari Vals, segir það mikið fagnaðarefni að Jón Arnór sé tilbúinn að taka slaginn með Val. „Þær mínútur sem hann mun spila, sem verða margar, mun hann gefa liðinu helling. Ekki síst á æfingagólfinu. Fyrir stráka sem eru hérna fyrir þá er margt hægt að læra af honum."

benediktboas@frettabladid.is

Fjórða deildin á Íslandi mjög vinsæl í veðmálum

FÓTBOLTI Heildarvelta í veðmálum hjá Coolbet um íslenska fótboltann var nærri 300 milljónir króna frá 12. júní og fram að COVID-hléi númer tvö. Um 87 milljónir runnu á leiki í efstu deild en fjórða deildin er næststærst og fær 54 milljónir, sem er tvisvar sinnum meira en fyrsta, önnur og þriðja deild.

Jafn miklu er veðjað á leiki í efstu deild kvenna og þriðju deild karla, eða 21 milljón.

Kórdrengir, sem eru í öðru sæti 2. deildarinnar, eiga tvo af sex vinsælustu leikjunum á vefsíðunni. Annars vegar var bikarleikur liðsins gegn Hamri vinsælasti bikarleikurinn og hins vegar var vinsælasti leikurinn í 2. deildinni útileikur liðsins gegn Kára sem endaði 0-0 í Akraneshöllinni.

Vinsælasti leikurinn í efstu deild var viðureign Breiðabliks og Gróttu strax í fyrstu umferð en Íslendingar fóru snemma af stað og voru önnur af tveimur deildum í gangi þegar sá leikur fór fram. Hin deildin var í Færeyjum. Vinsælasti kvennaleikurinn var viðureign Vals og Fylkis sem endaði með sigri Íslandsmeistaranna.

Vinsælasti leikurinn í beinni útsendingu var viðureign Stjörnunnar og Fylkis í efstu deild karla. Viðureign Kórdrengja og Skagamanna í bikarnum sló í gegn og téður leikur Kórdrengja gegn Kára var einnig sá vinsælasti í annarri deildinni. Vinsælustu viðureignir í kvennaboltanum var annars vegar Stjörnunnar og KR í efstu deild og hins vegar Hauka og Fjarðabyggðar í bikarkeppninni.



Mikið er veðjað á leiki Kórdrengja samkvæmt upplýsingum Coolbet. Hér í fyrsta æfingaleik tímabilsins gegn Leiknismönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þorsteinn Gunnarsson, stjórnarmaður KSÍ og núverandi borgarritari, bendir á málið á fésbókarsíðu sinni og segir áhugavert hvað sé mikið veðjað á fjórðu deild. Einn helsti sérfræðingur landsins um neðri deildirnar, Magnús Valur Böðvarsson, bendir á í athugasemdakerfi Þorsteins að hann hafi nokkrum sinnum misst hökuna í gólfið yfir úrslitum í fjórðu deildinni. – bb

WWW.BILALAND.IS

4X4 Fjórhjóladrifnir fyrir íslenskar aðstæður

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.


Rnr. 147329

BMW X3 Xdrive20d
Nýskr 07/19, ekinn 16 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 7.990.000 kr.


Rnr. 147178

NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 04/19, ekinn 33 þ.km,
bensín, sjálfskiptur
Verð 3.490.000 kr.


Rnr. 147146

BMW X6 Xdrive M50d
Nýskr. 01/18, ekinn 23 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 13.990.000 kr.


Rnr. 147144

RENAULT Koleos Zen 4wd
Nýskr. 12/17, ekinn 50 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.690.000 kr.


Rnr. 147360

LAND ROVER Discovery 5 HSE Lux
Nýskr. 01/18, ekinn 70 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 10.990.000 kr.


Rnr. 147338

NISSAN X-Trail Tekna 4wd
Nýskr. 02/18, ekinn 23 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð5.890.000 kr.


Rnr. 430996

KIA Sportage 4wd Lux
Nýskr. 08/18, ekinn 47 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.490.000 kr.


Rnr. 332578

JAGUAR F-Pace Prestige
Nýskr. 06/17, ekinn 45 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 6.990.000 kr.


Rnr. 147284

HYUNDAI Tucson Style
Nýskr. 04/17, ekinn 61 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.290.000 kr.


Rnr. 110625

BMW X1 Xdrive18d
Nýskr. 11/16, ekinn 76 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐSBÍLAR

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði.
Fyrstur kemur - fyrstur fær!**

ALLT AÐ 600.000 kr. afsláttur


AFSLÁTTUR 300.000 KR.
Rnr. 146939

NISSAN Micra Acenta
Nýskr. 05/18, ekinn 45 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.990.000 kr.

TILBOÐ!
1.690.000 kr.
***20.415 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*


AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 332405

RENAULT Clio Sport Tourer
Nýskr. 01/16, ekinn 78 þ.km,
dísil, beinskiptur
Verð 1.690.000 kr.

TILBOÐ!
1.290.000 kr.
***15.669 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*


AFSLÁTTUR 500.000 KR.
Rnr. 146797

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 05/18, ekinn 119 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.990.000 kr.

TILBOÐ!
3.490.000 kr.
***41.770 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*


AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 392342

RENAULT Megane IV Bose
Nýskr. 07/16, ekinn 69 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.890.000 kr.

TILBOÐ!
2.490.000 kr.
***29.906 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*


AFSLÁTTUR 600 .000 KR.
Rnr. 146615

HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 04/18, ekinn 88 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.590.000 kr.

TILBOÐ!
4.990.000 kr.
***59.566 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.*

ENNEMM / SÍA / NM001999

Lykill

Allt að 80% lán

Ástandsskoðun

Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

6. ÁGÚST 2020 FIMMTUDAGUR

Fólk áttar sig á hversu gott fjarnám er

Margrét Jónsdóttir Njarðvík er sest að á Bifröst í Borgarfirði sem rektor háskólans sem metaðsókn er að í ár. Hún kveðst hafa alist upp í Breiðholtinu og eiga það sameiginlegt með öðrum þaðan að finnast hún þurfa að sanna sig þrefalt á við alla hina.



Margrét kveðst hafa verið í góðu og hlýju fóstri á Bifröst frá því um síðustu áramót hjá forvera sínum Vilhjálmi Egilssyni. MYND/JAMES BECKER

Hér eru mín náttúrulegu heimkynni. Ég er Borgfirðingur að hluta og var alltaf í sveit á Húsafelli sem stelpa, hjá föðursystur minni, Sigrúnu Bergþórsdóttur," segir Margrét. „Ég skildi eftir 30 ára hjónaband 2015 en svo endurfæddist ég og kynntist nýjum manni, Hálfdáni Sveinssyni, sem á Hótel Siglunes. Hann á rætur í Borgarfirðinum eins og ég og flytur hingað en ætlar að reka hótelið áfram enda hefur það notið mikilla vinsælda, meðal annars marokkóski veitingastaðurinn þar," segir hún og bætir við: „Við Hálfdán eigum fimm börn samanlagt, öll uppkomin. Foreldrar mínir eru fallnir frá og tengdaforeldrarnir eldhressir, þannig að við erum ekki bundin af neinu."

Margrét á að baki átta ár við kennslu í HÍ og önnur átta við HR. Stofnaði svo fyrirtækið Mundo, menningar- og menntaferðaskrifstofu sem einbeitir sér að innihaldsríkum ferðum. „En það eru engir að ferðast í kófinu og ég vil gæta varkárni, set því ekki ferðir í sölu sem ég veit ekki hvort getur orðið af, heldur bíð þetta af mér og er með frábæran framkvæmdastjóra, Unu Helgu Jónsdóttur."

Yfir helmingsfjölgun í MA-nám

Þar sem Margrét var ráðin að Háskólanum á Bifröst í upphafi árs kveðst hún hafa náð ágætlega að laga sig að hlutverkinu á Bifröst. „Ég hef verið í góðu og hlýju fóstri hjá Vilhjálmi Egilssyni sem er gott, þá upplifir starfsfólk engar 90 gráðu beygjur. Hér er fjarkennslunám með staðarlotum svo það breytir engu hvort það er COVID eða ekki. Nú þegar við erum að fara inn í haustið vitum við hvað við eigum að gera og hvernig á að gera það vel.

Hún segir engan píndan í fjarkennslu heldur vilji allir sem eru á Bifröst vera í henni. „COVID-tímabilið hefur verið mikil viðurkenning á fjarnámi. Aðsókn hefur aldrei verið jafngóð að skólanum vegna þess að fólk veit að hér er hægt að treysta á fjarnámið. Það er 55 prósent fjölgun í meistaranámið á Bifröst milli ára, við erum að fá þar inn góða nemendur, líka í BA-námið og Háskólagáttina. Bifröst hefur skapað sér mikla sérstöðu og almenningur áttað sig á að gott fjarnám er frábært. Nemendur eru í fyrirlestrum heima hjá sér en koma svo í vinnulotur til okkar, þannig er þetta líka nám með persónulegri tengingu. En við getum stýrt umferðinni og gætt fyllsta sóttvarnaöryggis."

Íslenska fyrir erlenda íbúa

Margrét kveðst vera með hersveit af frábærum fræðimönnum við kennslu sem kunni á tæknina og geti því einbeitt sér að hugmyndafræðinni og einnig sett nemendur í hópavinnu á netinu. Í Háskólagáttinni ætlar hún að bjóða upp á fjarnám í íslensku fyrir erlenda íbúa á Íslandi. „15 prósent þeirra sem búa hér hafa ekki íslensku að móðurmáli og ef við viljum að þeir tali íslensku verðum við líka að skapa aðstæður til þess. Margt fólk er í vaktavinnu og hentar því fjarnám vel."

Hún vill líka fjölga íbúum á Bifröst. „Hér er ódýrt húsnæði, frábærir skólar og leikskólar þannig að þetta er aðlaðandi staður fyrir fólk sem vill lifa einföldu og vernduðu lífi. Nú er svo margt að breytast og margir vinna utan veggja vinnustaða. Samkvæmt fréttum hefur tímaritið NewsWeek aldrei gengið betur þó enginn hafi unnið í höfuðstöðvum þess heldur úti í bæ svo mánuðum skiptir. Við verðum samt öll að fá þessa persónulegu speglun og næringu sem fylgir því að fá að vinna í hópum öðru hvoru. Íbúakjarninn á Bifröst mun styrkjast."

Þegar ég horfi til baka þá erum við átta úr mínum bekk í Breiðholtsskóla með doktorspróf. Við sem héldum að við værum svo miklar lummur og vorum alltaf með minnimáttarkennd.

Breiðholtsvillingur

Spurð um áhugamálin segir Margrét vinnuna alltaf hafa verið sitt helsta áhugamál. Ég gaf út spænsk-íslensku, íslensk-spænsku orðabækurnar því ég hafði brennandi áhuga á því. Ég fór Jakobsveginn fimmtán sinnum og fannst alltaf jafn skemmtilegt því hver hópur upplifir það á sinn máta og valdeflist. Bifröst er núna að taka yfir hug minn allan. Þetta er svo frábær menntastofnun. Ég er sjálf úr Breiðholtinu og við sem vorum alin þar upp þurftum alltaf að sanna okkur þrefalt á við alla hina, af því við vorum Breiðholtsvillingar. Þegar ég horfi til baka þá erum við átta úr mínum bekk í Breiðholtsskóla með doktorspróf. Við sem héldum að við værum svo miklar lummur og vorum alltaf með minnimáttarkennd. Ég er svolítið að upplifa það að fólkið hér á Bifröst veit ekki hvað skólinn er góður, þetta er miklu betri háskóli en margir halda. Hér hefur verið unnið af mikilli natni og fagmennsku og árangurinn er eftir því." **gun@frettabladid.is**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Eygerður Bjarnadóttir

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, mánudaginn 2. ágúst.

Þorsteinn Geirsson
Örn Geirsson
Kristín Sigríður Geirsdóttir
Ragnheiður Gunnarsdóttir
Steinunn Hreinsdóttir
Ársæll Þorleifsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

ÞETTA GERÐIST: 6. ÁGÚST 1974

Ford verður forseti Bandaríkjanna

Gerald Ford (1913-2006) tekur við embætti forseta Bandaríkjanna þennan mánaðardag árið 1974, eftir að Richard Nixon hafði neyðst til að segja af sér í kjölfar Watergate-hneykslisins.

Ford hafði verið varaforseti Bandaríkjanna í forsetatíð Nixons og gegndi síðan embætti forseta fyrir repúblikana til ársins 1977, þegar hann tapaði í kosningum fyrir demókratanum Jimmy Carter.

Ford var umdeildur forseti. Hann var meðal annars gagnrýndur fyrir að veita Nixon sakaruppgjöf og einnig fyrir þá sök að bandarískir herinn skyldi hörfa frá Víetnam í forsetatíð hans.



FÓLK

FIMMTUDAGUR 6. ÁGÚST 2020

Tíska



Það er rigning í kortunum. Þá er betra að eiga góða regnkápu. Þær geta verið mjög smart og þægilegar. Við sýnum nokkur flott eintök úr tískuheiminum fyrir sumar og haust 2020.

→4

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!



Uppáhaldsbolurinn er frá Hildi Yeoman, en Edda fékk hann að gjöf þegar hún útskrifaðist með BA-gráðu í lögfræði í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Edda Hulda á meira en hundrað jakka

Edda Hulda Ólafardóttir laganemi er ófeimin við að fara sínar eigin leiðir þegar kemur að tísku og vekur yfirleitt mikla athygli fyrir flottan og frumlegan klæðaburð. Hún saumaði meðal annars sjálf á sig útskriftardressið. →2

Framhald af forsíðu

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Edda Hulda Ólafardóttir lauk BA-gráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands í vor og mun setjast aftur á skólabekk í haust þegar mastersnámið tekur við. Hún var enn í barnaskóla þegar áhuginn á tísku tók að láta á sér kræla. „Ég man að mamma tók oftast til föt á mig áður en ég fór í skólann en ég var ekki há í loftinu þegar ég vildi fá að stjórna því sjálf, enda hafði ég ákveðnar skoðanir á því hverju ég vildi klæðast.

Á unglingsárunum fór ég oft ein með strætó í Kringluna og skoðaði föt í öllum búðunum. Stundum mátaði ég það sem mér leist vel á. Þegar ég kom heim aftur skrifaði ég í sérstaka bók hvaða föt mér fannst falleg og langaði til að eignast og setti mér markmið til að spara fyrir þeim," segir Edda og bætir við að sér finnist tíska snúast um tjáningu.

„Þú getur tjáð þig með klæðnaði án þess að segja neitt. Föt geta líka gefið manni sjálfstraust. Ég klæðist fötum sem mér sjálfri finnast flott og fylgi ekki neinum sérstökum tískustraumum. Mér finnst mikilvægt að pæla ekki í hvað öðrum finnst, eða láta það hafa áhrif á fatavalið," segir Edda, sem bjó í eitt ár í London. Þar var hún au-pair hjá íslenskri fjölskyldu. „Það var algjör draumur að búa í London. Mig langaði að prófa að búa annars staðar og upplifa eitthvað nýtt. Þar kynntist ég svo mikilli fjölbreytni, þar eru engar tískureglur og ég fékk enn meiri áhuga á fötum. Í London búa margir og þar er enginn að spá í hvernig aðrir klæða sig," bendir hún á.

Sker sig úr í lagadeildinni

Edda hóf nám í lögfræði þegar hún kom aftur heim en hún er stúdent af málabraut frá Menntaskólanum í Reykjavík. „Það var góður grunnur fyrir laganámið, maður öðlast góðan lesskilning og síðan er mikilvægt að hafa góða málakunnáttu," segir hún.

Edda brosir þegar hún er spurð hvort hún skeri sig úr hvað varðar klæðaburð í lagadeildinni. „Jú, ætli það sé ekki hægt að segja það. Ég er alveg þekkt fyrir það og finnst það bara skemmtilegt."

En hvernig myndi Edda lýsa eigin fatastíl? „Hann er fjölbreyttur, litríkur og djarfur og stundum svolítið „extreme". Ég er ekki hrædd við að skera mig úr og er til í að vera öðruvísi. Ég hef verið stoppuð úti á götu og fengið hrós fyrir hvernig ég klæði mig. Fatastíllinn sveiflast líka eftir því hvernig mér líður. Stundum langar mig að vera skvísa í skærum kjól en næsta dag langar mig að vera töffari í leðurjakka og leðurbuxum," segir Edda.

Hún segir að dagsdaglega klæði hún sig eftir því í hvernig skapi hún er. „Oft vel ég föt in út frá einum jakka. Þá vel ég jakka sem mig langar að vera í og hvað mér finnst passa við hann. Ég er oft í förri, eða stórum gervipelsum. Ef ég er í bleikum pels poppa ég hann upp með tösku eða sólgleraugum. Til spari er ég oft í vintage kjólum, sem ég kaupi í Gyllta kettinum, og háum boots. Ef ég vil vera mjög fín fer ég í skærlitan kjól og boots."



Edda byrjaði að sauma í samkomubanninu í vetur og saumaði þennan bol.

> Ég nýti mér það sem ég lærði í textíl í grunnskóla, en ég var í tíu ár í textíl, og svo hef ég horft á nokkur myndbönd á YouTube, sem voru hjálpleg. Ég hef bæði breytt fötum sem ég á og saumað mér nýjar flíkur.



Skæsleg stígvél sem Edda Hulda keypti í verslun Rauða krossins.



Oft byrjar Edda á að velja sér flottan jakka eða pels, þessi er frá Topshop.



Þegar Edda vill vera fín klæðist hún oft vintage-kjólum. Þessi er úr Gyllta kettinum.

Vogue og Instagram

Edda fylgist vel með hvaða trend eru í gangi hverju sinni og þá helst í Vogue og á Instagram, sem er stór miðill í tísku. „Mér finnst gaman að vita hvað er í tísku hverju sinni, þótt ég fari ekki eftir því sjálf," segir Edda og minnir á að tískan fari sífellt í hringi.

Hvað fylgihluti og skart varðar segist Edda oft vera með hoopeyrnalokka, sólgleraugu og töskur í stíl við fötin. „Fylgihlutir setja oft punktinn yfir i-ið. Ef ég er í öllu appelsínugulu er ég líka með appelsínugula tösku og helst sólgleraugu í svipuðum lit," segir hún.

Finnur fjársjóð í búðum

Uppáhaldsflíkurnar eru margar og Edda segist varla geta valið eina sérstaka úr fataskápnum. „Ég held mikið upp á seventís ljónakápu sem ég keypti á fatamarkaði og bol frá Hildi Yeoman, sem ég fékk í útskriftargjöf. Nokkrir jakkar sem ég á eru í sérlegu uppáhaldi en ég á meira en hundrað jakka. Þessi jakkasöfnun hófst þannig að ég keypti mér einhvern tímann nokkra jakka með stuttu millibili og áður en langt um leið átti ég endalaust af jökkum. Vinkonur mínar hafa gert létt grín að mér út af þessum jakkaáhuga, en bara í góðu. Í fyrra hélt ég partí í tilefni þess að ég eignaðist hundraðasta jakkann. Ég tók alla jakkana mína niður og gestirnir urðu að vera í jakka af mér og fara í þeim niður í bæ," rifjar Edda kímin upp.

Hún kaupir mest af sínum fötum í second hand- og vintage-búðum, eins og Rauðakrossbúðunum, Extraloppunni, Hertex og Spúútnik. „Mér finnst þetta langskemmtilegustu búðirnar. Það er eins og að fara í fjársjóðsleit að fara í slíkar búðir," segir Edda, sem er einstaklega hrifin af skærum litum, neon og pastel. „Núna held ég upp á pastelfjólubláan og eiturgrænan en það á örugglega eftir að breytast eftir nokkra mánuði."

Fékk sér saumavél

Nýlega fjárfesti Edda í saumavél, sem hefur komið að góðum notum. „Í fyrstu var ég dálítið smeyk við að nota hana en í samkomubanninu í vetur fór ég að prófa mig áfram og það endaði með að ég saumaði sjálf útskriftardressið mitt. Ég nýti mér það sem ég lærði í textíl í grunnskóla, en ég var í tíu ár í textíl, og svo hef ég horft á nokkur myndbönd á YouTube, sem voru hjálpleg. Ég hef bæði breytt fötum sem ég á og saumað mér nýjar flíkur. Þó ég segi sjálf frá, þá hefur saumaskapurinn gengið ótrúlega vel."

Líkt og margir er Edda meðvituð um endurnýtingu á fötum og hún hendir aldrei flík. „Ég byrja oft á að gefa systrum mínum föt sem ég er hætt að nota, en vil samt ekki gefa frá mér. Þá get ég tekið þau til baka ef ég sé eftir því," segir Edda kankvíslega en annars fara fötin til góðgerðasamtaka þar sem þau öðlast nýtt líf.

NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

VERÐHRUNIÐ ER HAFIÐ!

60-70% AFSLÁTTUR





Ein frægasta kvikmynd sögunnar Singin' in the Rain með þeim Debbie Reynolds og Gene Kelly frá árinu 1952. MYNDIR/GETTY

Mér finnst rigningin góð

Það er rigning í kortunum. Þá er betra að eiga góða regnkápu. Þær geta verið mjög smart og þægilegar. Hér eru nokkur flott sýnishorn úr tískuheiminum fyrir sumar og haust 2020.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Það er vel hægt að vera glæsilega til fara í regnkápu. Þær eru til í mörgum fallegum litum og sniðum. Regnkápa er eiginlega skyldueign á Íslandi. Væri ekki sniðugt að lyfta upp gráum hversdagsleikanum með litríkri flík? Saga regnkápunnar er reyndar orðin ansi löng, en í fyrstu var hún í raun rykfrakki, sem við þekkjum enn í dag og er klassísk flík.

Það var árið 1821 sem skoskur efnaverkfræðingur, Charles Macintosh, fann upp aðferð sem sameinaði gúmmí og efni þannig að hægt væri að nota það í vatnshelda flík. Þessi uppfinning er enn í fullu gildi og í Bretlandi eru vatnsheldir rykfrakkar gjarnan kallaðar Macintosh eða Macs. Efnið var notað í tvíhneppta frakka á hermenn á stríðstímum. Flestir þekkja Burberry og Barbour frakkana, sem eiga uppruna sinn til þessarar uppfinningar.

Helstu breytingar komu með nýju efni, Gore-Tex, sem er vatnshelt og andar, sem eldri efni höfðu ekki gert. Gore-Tex kom fyrst á markað árið 1969 en hefur þróast síðan og er notað í margvíslegan útivistarklæðnað og skó.

Gulir regnstakkar hafa lengi þótt vera sjómannaklæðnaður. Þeir áttu að verja fiskimenn fyrir ágangi hafsins. Gulir regnjakkar hafa síðan orðið mjög vinsælir sem tískuflíkur. Í Hollywoodmyndinni Singin' in the Rain frá árinu 1952 eru aðalleikendur myndarinnar í litríkum regnkápum, það eru þau Gene Kelly og Debbie Reynolds. Þá er frægt rómantískt atriði úr kvikmyndinni Fjögur brúðkaup og jarðarför frá árinu 1994, þegar Andie McDowell og Hugh Grant kysstust í dembandi rigningu og setningin sem kom þar á eftir: „Rignir enn?“ spurði hún og svarið kom: „Ég hafði ekki tekið eftir því.“

Það mætti líklegast segja að það geti verið rómantískur blær yfir rigningunni og alveg óþarfi að kvarta þótt veðurguðirnir væti aðeins í jörðinni.



Gitta Banko er frægur áhrifavaldur á samfélagsmiðlum. Hér mætir hún á tískuviku í París í blárri regnkápu.

Louis Vuitton lætur ekki sitt eftir liggja í hönnun á regnkápum. Þessi var sýnd á tískuviku í París fyrir sumarið 2020.

Glæsileg regnkápa frá Oroton sem er eitt elsta og frægasta hönnunarhús í Ástralíu.




Gul regnkápa frá Fendi. Ekki amalegt að eiga eina svona.



Ekki fylgdi sögunni með þessari mynd hvaðan þessi regnkápa væri, en sú sem ber hana er Larsen Thompson, leikkona, dansari og fyrirsæta.

Glæsileg regnkápa frá Elie Tahari sem er bandarískt fyrirtæki.



HÁMARKAÐU ÁRANGURINN MEÐ
PAKKANUM

Ketógeníska mataræði (KETÓ) er lágkolvetna- og fituríkt mataræði. Það felur í sér að draga úr kolvetnaneyslu og skipta henni út fyrir fitu.

Keto pakkinn inniheldur tvær vörur, KRILL OIL OG KETO ÞVAGSTRIMLA, ásamt fróðleik og uppskrift frá Hönnu Þóru matarbloggara sem geta hjálpað þér að ná góðum árangri.

Fæst: í Fjarðarkaup og Nettó



KRILL OIL
– öflugustu omega-3 fitusýrurnar og nauðsynlegar á ketó.

KETÓ þvagstrimlar
– greina fljótt og auðveldlega hvort lifrin sé að framleiða ketóna og hvort líkaminn sé kominn í ketósu.

Leyndarmál Claudiu Schiffer

Ofurfyrirsætan Claudia Schiffer hefur starfað við fagið í rúm 30 ár. Hún þykir lík hinni frægu Brigitte Bardot. Claudia hefur prýtt flestar forsíður tískublaða samkvæmt Heimsmetabók Guinness.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Claudia á óvenju langan feril að baki sem fyrirsæta og hefur verið ljósmynduð af frægustu ljósmyndurum í heimi. Hún er 49 ára, verður fimmtug 25. ágúst næstkomandi. Claudia er fædd og uppalin í Þýskalandi og býr núna ásamt fjölskyldu sinni á Englandi. Hún segir að þakka beri þennan farsæla feril því að hún hafi alltaf lagt hart að sér í vinnu og ekki hafnað verkefnum sem henni hafa verið boðin.

„Ég hætti við að fara í sumarfrí ef það kom gott starf upp í hendurnar á mér. Ég kaus vinnuna," segir hún í samtali við sænska kvennablaðið Damernas Värld. Hún hefur unnið fyrir öll helstu tískumerki í heimi. Claudia var uppgötvuð aðeins sautján ára og var fljótlega komin á forsíðu franska Elle og breska Vogue. Skömmu síðar var hún orðin andlit Chanel eftir að Karl Lagerfeld bauð henni starf.

Claudia segir að tískubransinn í dag sé fagmannlegur, þetta séu viðskipti. „Fyrirsæturnar mæta í vinnu og fara síðan. Á níunda áratugnum var mikið um partí og gleðskap í kringum starfið. Í dag er það ekki svo. Tímapressan er meiri í dag og tískusýningar byrja ekki of seint eins og gerðist hér áður fyrr. Gamli tíminn var skemmtilegur en ég kann betur við að vinna á fagmannlegum nótum þar sem allt er á réttum tíma."



Ofurfyrirsætan Claudia Schiffer verður fimmtug 25. ágúst. MYND/GETTY

„Ég hef mikið unnið fyrir fyrirtæki sem selja húð- og hárvörur. Þegar maður vinnur auglýsingar fyrir sjónvarp er nauðsynlegt að líta út sem maður geisli af heilbrigði. Ég hef alltaf passað mjög vel upp á hár og húð.

Hún bætir við að hugmyndir um útlit á fyrirsætum hafi verið aðrar. „Það var mikið lagt í hár og förðun. Þurrsjampó var lífsnauðsynlegt og hárið sett upp og túperað. Nú vilja tískuhönnuðir að útlitið sé látlaust og frjálslegt. Ég var með sítt, þykkt hár og það var hluti velgengninnar. Ég hef mikið unnið fyrir fyrirtæki sem selja húð- og hárvörur. Þegar maður vinnur auglýsingar fyrir sjónvarp er nauðsynlegt að líta út sem maður geisli af heilbrigði. Ég hef alltaf passað mjög vel upp á hár og húð," segir hún.

„Ég vil líta náttúrulega út og farða mig samkvæmt því. Nota krem gegn öldrun húðar og síðan andlitsmaska þrisvar til fjórum sinnum í viku. Síðan drekk ég mikið af vatni, tek vítamín og drekk nýpressaðan safa á hverjum morgni. Best þykir mér að blanda saman spínati, eplum, ananas og selleríi. Ég hef ekki farið í lýtaaðgerðir. Ég vil eldast á sama hátt og Lauren Hutton og Jane Birkin. Ég fer oft í sund, labba úti í fersku lofti og hlusta á tónlist. Ég kvíði því ekki að eldast," segir hún.

Eftir misheppnað samband við David Copperfield giftist Claudia kvikmyndaleikstjóranum Matthew Vaughn árið 2002. Þau eiga þrjú börn. Claudia hefur leikið í nokkrum kvikmyndum, þar á meðal Love Actually þar sem hún lék Carol.





Fimmtudaginn 13. ágúst gefur Fréttablaðið út sérblaðið

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Að vanda er boðið upp á fjölmargar fróðlegar greinar og viðtöl.

Allir sem eru að velta fyrir sér námi
fá góða yfirsýn yfir það sem er í boði í blaðinu.

Blaðið er mjög vinsæll valkostur fyrir
menntastofnanir, einkaskóla og fyrirtæki
til að auglýsa eða kynna það sem þau hafa upp á að bjóða.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúa Fréttablaðsins.
Netfang: jonivar@frettabladid.is – Beinn sími: 550-5654

Laugardaginn 15. ágúst gefur Fréttablaðið út sérblaðið

NETVERSLUN

Flestöll fyrirtæki hérlendis bjóða upp á netverslun
og er hún í örum vexti jafnt hér á landi og erlendis.

Við viljum bjóða þeim sem reka verslun á netinu
og einnig þeim sem eru að setja upp netverslun
að taka þátt í þessu skemmtilega blaði.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Arnar Magnússon, markaðsfulltrúa Fréttablaðsins.
Netfang: arnarm@frettabladid.is – Beinn sími: 550-5652

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Svalasti töffari sögunnar

Lemmy Kilmister, forsprakki Motörhead, var einhver alsvalasti töffari mannkynssögunnar og stíll hans og sveitarinnar hafði mjög víðtæk tískuáhrif, sem hafa náð langt út fyrir þungarokkið.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Lemmy Kilmister, sem fæddist á aðfangadag árið 1945 og lést 28. desember 2015, var óumdeilanlega einhver mesti töffari mannkynssögunnar. Allt frá því hann var ungur að árum og fram á síðasta dag var hann tískufyrirmynd sem hafði víðtæk áhrif. Stíll Lemmy og hljómsveitar hans, Motörhead, varð gríðarlega áhrifamikill í þungarokksheiminum, en áhrif þeirra voru svo mikil að þau sjást mun víðar.

Frummynd þungarokkara

Hljómsveitin Motörhead var stofnuð á Englandi árið 1975 og var virk þar til Lemmy lést. Sveitin varð snemma áhrifamikil í þungarokksheiminum og það væri hægt að skrifa heila bók um hvernig hún hefur mótað og haft áhrif á menningu og hljóm þungarokks. Árið 1980 gaf sveitin svo út plötuna Ace of Spades, sem innihélt vinsælasta lag sveitarinnar fyrr og síðar og hafði einnig gríðarleg tískuáhrif. Framan á plötuumslaginu standa meðlimirnir leðurklæddir með byssukúlubelti, kúrekahatta og kúrekastígvél. Þeir urðu fljótlega eins og frummynd Platós fyrir þungarokkstöffara.



Lemmy á sviði árið 2010 með útskorna Rickenbacker-bassann, kúrekahattinn og hljóðnemann upp í loft, eins og var hans stíll. MYNDIR/GETTY

Það er líklega bara einn maður sem hefur haft svipuð áhrif á þungarokkstísku og Lemmy. Það er Rob Halford, söngvari Judas Priest, sem hitti Lemmy fyrst á klúbbi í London seint á 8. áratugnum. „Við bárum mikla virðingu fyrir Lemmy og Motörhead," sagði hann við Loudersound. „Hann var þarna með Phil Taylor [trommara Motörhead] að detta í það og við hugsuðum „okkur líkar strax vel við þennan gaur!"

Á þessum tíma var hann ímynd skítuga rokkarans," sagði Halford. „Kúrekastígvél, Levi's gallabuxur, stuttermabolur, leðurjakki og sólgleraugu og það lýsti honum, Motörhead og tónlist þeirra fullkomlega. Og þetta varð einkennisbúningurinn fyrir alla metalhausa sem á eftir komu!"



Stíll Lemmys Kilmister hefur verið mjög áhrifamikill og áhrifa hans gætir ekki bara í þungarokksheiminum. Alls konar fólk klæðist eins og hann.

Bresku kúrekarnir

Þessi „einkennisbúningur" hefur verið notaður af langflestum þungarokkssveitum síðan. Metallica, Slayer, Pantera, Megadeth, Guns N' Roses, Immortal, Fields of Nephilim og okkar eigin Sólstafir eru allt dæmi um frægar sveitir sem hafa nýtt sér tískufyrirmynd Motörhead að einhverju leyti.

Aðalbjörn Tryggvason, söngvari Sólstafa, hefur talað um þessi áhrif. „Ég hef notað Fender Stratocaster eins og fyrsti gítarleikari Motörhead, ég er með byssukúlubelti, ég er með sérútskorinn gítar eins og Rickenbacker-inn hans Lemmys og auðvitað nota ég hattinn og var einu sinni með skegg eins og hann," sagði hann við Loudersound. Í samtali við Fréttablaðið bætti hann við: „Þegar ég sá útskorna bassann hans Lemmys varð ég bara að gera nákvæmlega það sama við Flying V-gítarinn minn, en eðlilega hafði ég munstrið meira norrænt. En ég stal þessu beint af honum.

Svo að sjálfsögðu hefur hann haft áhrif á mig og kynslóðina á undan mér! Hann hefur haft bein áhrif á mig og áhrif hans hafa komið í gegnum annað fólk," sagði Aðalbjörn. „Hann hafði áhrif á [James] Hetfield [söngvara Metallica] og Hetfield hafði auðvitað áhrif á mjög marga líka."

Það er skondin staðreynd að margar bandarískar sveitir nýti þungarokkskúrekaútlit sem á uppruna sinn í Bretlandi. „Það er það fyndnasta!" segir Aðalbjörn. „Það eru ekki til neinir breskir kúrekar, en þeir í Motörhead voru það, þannig að við erum líklega undir áhrifum frá breskum kúrekum."

Gërmönsk áhrif

Ö-ið í merki Motörhead hefur líka haft mikil áhrif og oft er gripið til tvöföldu kommunnar þegar vísa á í heim þungarokksins. Grínhljómsveitin Spıñal Tap (já, þetta er í alvörunni skrifað svona) er eitt dæmi, en „metalkommurnar" eru líka í nafni sveitanna Blue Öyster Cult, Queensrÿche, The Accüsed og Mötley Crüe, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Lemmy hefur sagt að hann hafi stolið þessu af Blue Öyster Cult, en það er líka til saga frá hönnuði merkisins sem er á þá leið að Lemmy hafi beðið hann um að hafa merkið svolítið „germanskt". Fyrir slysni enduðu tveir punktar yfir seinna O-inu, en það var svo germanskt í útliti að það var látið standa. Hönnuðurinn var líka búinn með H-in sín, þannig að hann bjó H-ið til úr L-i og hálfu W-i á hvolfi.

Þessi tvöfalda komma hefur líka sést utan þungarokks. Til dæmis setti rapparinn Jay-Z hana yfir Y-ið í nafni sínu á umslagi plötunnar Reasonable Doubt árið 2015 og Shawn Stussy smellti henni yfir eftirnafnið sitt til að skapa tískumerkið Stüssy.

Líka á sýningarpöllunum

Tískuáhrif Motörhead hafa teygt sig langt út fyrir svið þungarokksins. Alls konar fólk klæðist leðurjökkum, stórum beltissylgjum og kúrekastígvélum í anda Motörhead og meira að segja sjást Motörhead-bolir á fólki sem þekkir ekki endilega sveitina.

